

Fundargerð

38. fundur stjórnar FRÍ tímabilið 2018-2020, haldinn rafrænt, þriðjudaginn 12. maí 2020 í fundarsal A, ÍSí Laugardal.

Mætt: Freyr Ólafsson formaður, Fjóla Signý Hannesdóttir, Gunnar Svavarsson, Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, Kári Steinn Karlsson, Eiríkur Mörk Valsson og Guðmundur Karlsson framkvæmdastjóri.

Formaður setti fund klukkan 16:30 og bauð fundarmenn velkomna rafrænt.

1. Fjallað um boðun fundar og rafrænt samþykkt mál bókuð - Fundargerð

Boðun og dagskrá fundar, samþykkt. Rafrænt samþykkt á milli funda dagsetningar fyrir meistaramót 11-14 ára og 15-22 ára. Fundargerð frá fundi 37 samþykkt.

2. Mótaskrá

Dagsetningar samþykktar og uppfærðar í mótaskrá. Umræður um aðstöðu. Umræður um 10 km. á braut, rætt um reglusetningu. Rætt um mótahald utan vallar, verið er að vinna í ýmsum úrlausnum með langhlaupanefnd. Formaður gerði grein fyrir keppnishaldi NM, en unglíngamót hafa verið felld niður. Reyna á að halda NM í víðavangshlaupi 2020.

3. Covid og almannavarnir – Hlaupaverkefnið - Keppnisleyfi

Rætt um keppnisleyfi og hlaup í Vestmannaeyjum. Formaður gerir grein fyrir regluumhverfi sóttvarna og upplýsingum frá samstarfsaðilum. Margt óljóst þó að ramminn liggi fyrir. Ljóst að hlaupasumarið verður skráddarasaumað miðað við aðstæður hverju sinni. Rætt um umferðarlög.

4. Afreksmál, úthlutun

Afreksstjóri gerði grein fyrir vinnuramma vegna afreksúthlutunar. Umræður. Afreksstjóra falið að vinna að málinu áfram í samræmi við umræður.

5. Þjóðarleikvangsmál

Farið yfir viðhaldsmál vallarins og svörun ÍTR eftir að rætt var við aðildarfélögin í Reykjavík og ÍBR. Nú á að laga Laugardalsvöllinn, fljótt og vel þ.a. æfingar og keppni geti farið fram, skv. yfirlýsingu ÍTR. Sama staða um framtíðina en horft er til skipunar starfshóps á vegum mennta- og menningarmálaráðherra.

Fjóla Signý vék af fundi áður en kom að öðrum málum, liður 6.

6. Önnur mál

- Starfsmannahald. Rætt um aðkomu sumarstarfsmanns.
- Útbreiðslu- og fræðslustyrkur, umsókn. Stjórnin samþykkti fræðslu- og útbreiðslustyrk vegna barna- og unglíngastarfs í sumarbúðum í Árnessýslu að upphæð 100.000 kr.
- Frjálsíþróttamót – Flokkun. Eiríki, Aðalbjörgu og framkvæmdastjóra falið að koma með tillögu á næsta fund.
- Landslið. Rætt um ýmsa möguleika í sumar fyrir landslið og úrvalshóp.
- Frjálsíþróttaping. Gæti verið að færa yrði dagsetninguna frá 4. sept. til 11. sept. Svör berast í þessari viku um aðstöðu.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið 18:02 með því að ritarinn flutti nokkur umferðarlög. Ritun fundargerðar: Gunnar Svavarsson.